

Fimmtudaginn 20. maí 1976.

Nr. 73/1975. **Viðlagasjóður**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Oddi Bragasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dó m e n d u r:

**hæstaréttardómarmennir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
son, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson**

Viðlagasjóður. Stjórnvaldsreglur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað þessu máli með stefnu 27. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum 422.309 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1974 til 15. s. m. og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo 83.000 krónur í málskostnað í héraði gegn afsali til áfrýjanda á 14.86 hundraðshlutum af fasteigninni nr. 15 við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, birtust í Lögbertingablaði, sem út kom 15. ágúst 1973, reglur þær, sem stjórn áfrýjanda hafði sett um bætur fyrir tjón á fasteignum af völdum jarðeldanna á Heimaey. Á fundi 4. nóvember 1973 samþykkti stjórnin að gefa eigendum nokkurra húsa í Vestmannaeyjum, þar á meðal stefnda, kost á því að selja Viðlagasjóði hús sín „með sömu kjörum og ónýtt hús“. Í húsi stefnda var sölubúð, sem hann leigði út. Stefndi virðist hafa farið þess á leit við áfrýjanda, að hann keypti húsið, en ekkert er fram komið um samningaviðræður málsaðilja.

Reglur þær um bætur, sem birtust í Lögbertingablaði 15. ágúst 1973, hafa stoð í ákvæðum 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/

1973, sbr. 1. og 7. mgr. 40. gr. reglugerðar nr. 62/1973. Samkvæmt þessu og þegar litið er til atburða þeirra, er leiddu til setningar laga nr. 4/1973, og hlutverks áfrýjanda, sbr. 3. gr. laganna, verður ekki talið, að reglur áfrýjanda um greiðslu bóta fyrir atvinnuhúsnæði skorti viðhlítandi lagagrundvöll vegna þess, að þær mismuni bótaþegum á óheimilan hátt. Eigi verður heldur talið, að reglur þessar brjóti í bága við ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Viðlagasjóður, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Odds Bragasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri héraðsdóminn með tilvísun til forsendna hans. Í dómsorði ætti þó í samræmi við kröfugerð stefnda fyrir Hæstarétti að taka fram, að greiðsluna til hans skv. dómnum skuli áfrýjandi inna af hendi gegn afsali á þeim hluta Kirkjuveggar 15 í Vestmannaeyjum, sem mál þetta snýst um.

Þá tel ég, að áfrýjandi ætti að greiða stefnda 85.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Oddur Bragason, nú til heimilis að Skipasundi 72 hér í borg, áður til heimilis að Bröttugötu 11 í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 12. apríl 1974, á hendur Viðlagasjóði til greiðslu á kr. 422.309 ásamt 1½% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 20. október 1973 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin mál-

færslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfur stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. janúar 1973 hófst eldgos í Heimaey í Vestmannaeyjum. Varð mikið tjón á fasteignum og lausafé, svo sem alkunna er. Að loknu jólaleyfi hinn 25. janúar 1973 fóru fram umræður í sameinuðu þingi um vanda þann, sem orðið hafði við þennan atburð. Var samdægurs samþykkt svohljóðandi þingsályktunartillaga:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögum sínum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu við það miðaðar, að búsifjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega.

Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að taka bráðabirgðalán í Seðlabanka Íslands eða annars staðar, að fjárhæð allt að 500 milljónir króna, til þess að standa undir kostnaði, sem þegar er áfallinn, og margvíslegum ráðstöfunum, sem ekki verður komist hjá að gera án tafar. Bráðabirgðalán þetta skal endurgreitt af væntanlegri fjáröflun samkvæmt ákvörðun Alþingis. Ráðstöfun fjár þess, er tekið verður að láni til bráðabirgða samkvæmt framan-sögðu, skal vera í höndum nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði 23. janúar s.l. til að rannsaka, hverjar afleiðingar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helst fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum. Samkvæmt skipunarbréfi sínu ber þeirri nefnd að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja“.

Hinn 7. febrúar var síðan samþykkt frumvarp til laga um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, nú lög nr. 4/1973. Var þar mælt fyrir um stofnun Viðlagasjóðs, og tók hann síðan til starfa. Hinn 27. mars var sett reglugerð um Viðlagasjóð nr. 62/1973. Hinn 24. júlí gerði stjórn Viðlagasjóðs með samhljóða atkvæðum samþykkt um bætur fyrir tjón á fasteignum og öðrum mannvirkjum í Vestmannaeyjum af völdum eldgossins eða björgunaraðgerðum. Er samþykktin svohljóðandi:

„1. ALGERT TJÓN.

Rétt er að flokka fasteignir og mannvirki í þrennt:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

1.2. Atvinnuhúsnæði.

1.3. Opinberar fasteignir og mannvirki.

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Bætt skal brunabótamatsverð húsnæðisins að viðbætti þeirri upphæð, sem nemur eign í leigulöð eins og hún var metin til eignarskatts á árinu 1972, sbr. 40. gr. reglugerðar. Áhvílandi veðskuldir, þ. m. t. kröfur Viðlagasjóðs vegna greiðslu vaxta og afborgana veðskulda eftir 23. janúar 1973 og aðrar áhvílandi kröfur (s. s. lögtök, fjárnám), skulu dregnar frá bótafjárhæðinni, enda yfirtekur Viðlagasjóður þær skuldbindingar og greiðir þær samkvæmt því samkomulagi, sem hann kann að ná við veðhafa. Eftirstöðvarnar fá bótaþegar greiddar þannig:

1.1.1. Þeir, sem óska eftir greiðslum í peningum, fá bæturnar greiddar í fjórum jöfnum greiðslum, og eru gjalddagar þeirra 20. október 1973, 1. janúar 1974, 1. apríl 1974 og 1. júlí 1974. Bótaþegi afsalar eigninni til Viðlagasjóðs á fyrsta gjalddaga.

1.1.2. Þeir, sem óska að fá eitt af húsum Viðlagasjóðs sem bætur, fá það á kostnaðarverði. Enda hafi Viðlagasjóður hús, sem hentar til ráðstöfunar.

Til kostnaðarverðs reiknast enginn hluti þeirrar fyrgreiðslu, sem Viðlagasjóður hefur veitt sveitarfélögum eða öðrum aðilum, né heldur almennur kostnaður Viðlagasjóðs við innkaup húsanna, verkfræðipjónustu vegna þeirra né umsjón með byggingu.

Nú er kaupverð hússins samkvæmt þessu hærra en bæturnar, og skal þá bótaþegi greiða mismuninn þannig:

Viðlagasjóður lánar jafnháa upphæð til bráðabirgða og nemur fullu húsnæðismálastjórnarláni, enda uppfylli kaupandi skilyrði húsnæðismálastjórnar fyrir láni og greiði með því bráðabirgðalánið.

Viðlagasjóður lánar helming af mismuninum, sem þá er eftir, til fjögurra ára með 9% ársvöxtum, þó eigi hærri fjárhæð en kr. 400 þús.

Eftirstöðvar mismunar greiðast eigi síðar en á sömu gjalddögum og taldir eru í lið 1.1.1. hér að framan.

Nú nemur kaupverðið minnu en bæturnar, og greiðir Viðlagasjóður þá bótaþega mismuninn á sömu gjalddögum og taldir eru í 1.1.1. hér að framan.

Afsöl beggja eignanna skulu fara fram samtímis og fullnaðar-uppgjör bóta þar með.

1.2. Atvinnuhúsnæði.

Atvinnuhúsnæði, sem orðið hefur fyrir algeru tjóni, skal bæta

með brunabótamatsverði að frádregnum áhvílandi skuldum, sem Viðlagasjóður yfirtekur. Bæturnar verði gerðar upp í fjórum jöfnum hlutum, á sömu gjalddögum og greinir í 1.1.1. og greiðast með skuldabréfum, sem Viðlagasjóður gefur út. Skulu bréfin vera til 15 ára og bera almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma (nú 9%). Þegar bótaþegi byggir upp atvinnurekstur sinn að nýju í Vestmannaeyjum, endurkaupir Viðlagasjóður bréfin og greiðir þau í peningum, jafnóðum og uppbyggingunni miðar áfram.

1.3. Opinberar fasteignir og mannvirki.

Hér er átt við eignir Vestmannaeyjakaupstaðar og stofnana hans, svo og ríkisins og ríkisstofnana. Skv. 44. gr. reglugerðarinnar skal Viðlagasjóður bera kostnað af endurbyggingu kaupstaðarins skv. sérstakri áætlun, sem enn liggur ekki fyrir. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli, að sjóðurinn eigi ekki einnig að greiða tjónabætur fyrir þau mannvirki, sem hann endurbyggir. Er því lagt til, að öllum ákvörðunum um bætur fyrir þessi mannvirki verði frestað þar til áætlun skv. 44. gr. liggur fyrir, og samkomulag hefur orðið milli Viðlagasjóðs, bæjarfélagsins og ríkisins um tilhögun uppbyggingarinnar.

2. HLUTATJÓN.

2.1. Íbúðarhúsnæði.

Þar sem matsreglur á skemmdum eru enn ekki tilbúnar, er ljóst, að dráttur verður á, að þessi mót geti farið fram. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að láta nú þegar fara fram skoðanagerð á húsum, sem verið er að flytja inn í. Er því lagt til, að auglýst verði nú þegar, að menn geti fengið skemmdir skoðaðar af trúnaðarmönnum Viðlagasjóðs, enda óski menn þess skriflega á sérstökum eyðublöðum, sem jafnframt feli í sér yfirlýsingu um gildi skoðunargerðarinnar og ábyrgð eiganda á eigninni eftir að skoðunargerð hefur farið fram (sjá tillögu að eyðublaði viðhefta).

Bætur yrðu síðan metnar á grundvelli skoðunargerðarinnar, þegar matsreglur yrðu tilbúnar (eigi síðar en 15. október), og bætur greiddar út jafnharðan og viðgerð miðar áfram.

2.2. Atvinnuhúsnæði.

Bætur fyrir skemmdir á atvinnuhúsnæði verða ekki greiddar fyrr en ákveðið er að hefja atvinnurekstur á ný í húsnæðinu.

Nú tilkynnir atvinnurekandi Viðlagasjóði, að hann vilji hefja rekstur á ný, og skal þá meta skemmdir til bóta og greiða þær jafnóðum og viðgerð miðar áfram.

2.3. Opinberar fasteignir og mannvirki.

Heimilt er stjórn Viðlagasjóðs að láta gera við slík mannvirki á kostnað sjóðsins. Að öðru leyti bíður mat tjóna á þessum mannvirkjum (sbr. 1.3.)“.

Með bréfi stjórnar sjóðsins til forsætisráðherra, dags. hinn 25. júlí 1973, var leitað eftir samþykki ríkisstjórnarinnar til að mega auglýsa reglurnar og framkvæma þær með þeim hætti, sem samþykktin greinir, með vísan til 40. gr. reglugerðar Viðlagasjóðs. Með bréfi forsætisráðherra, dags. hinn 31. júlí, var stjórn sjóðsins tilkynnt, að ríkisstjórnin hefði á fundi sínum þá um daginn samþykkt tillögurnar og því væri heimilt að auglýsa reglurnar. Í Lögbirtingablaðinu hinn 15. ágúst 1973 birtist síðan auglýsing Viðlagasjóðs nr. 8 um greiðslu bóta fyrir ónýtt íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum og auglýsing nr. 9 um bætur fyrir ónýtt atvinnuhúsnæði í Vestmannaeyjum. Ein af fasteignum þeim, sem stjórn Viðlagasjóðs ákvað að greiða bætur fyrir, er eignin nr. 15 við Kirkjuveg, eign stefnanda. Samkvæmt lýsingu í virðingargerð Brunabótafélags Íslands til brunatryggingar frá 10. ágúst 1961 er húsið hár steinsteyptur kjallari, ein hæð og ris, hvort tveggja úr timbri og járnklætt. Samkvæmt virðingargerðinni er kjallarinn notaður sem sölubúð, en að öðru leyti er húsið notað sem íbúðarhúsnæði. Í virðingargerðinni er eignin metin í tveimur matseiningum, þannig, aðalhús, þ. e. sölubúð og íbúðarhúsnæði, kr. 474.000 og útihús, kr. 72.000, eða samtals kr. 546.000. Samkvæmt staðfestingu Brunabótafélags Íslands var váttryggingarupphæð eignarinnar hinn 15. október 1973 kr. 3.148.700. Stefndi ákvað nú, að bætur yrðu greiddar fyrir eignina þannig, að fyrir íbúðarhúsnæðið, sem reiknað var 85.14% aðalhússins, yrðu greiddar kr. 2.327.126, fyrir 85.14% lóðar yrðu greiddar kr. 91.951 og kr. 415.314 fyrir útihús, eða samtals fyrir þessa hluta fasteignarinnar kr. 2.834.391.11, en fyrir atvinnuhúsnæðið, sem var reiknað 14.86% aðalhússins, yrðu greiddar kr. 406.260 og fyrir samsvarandi hluta lóðar kr. 16.049, eða samtals fyrir þessa hluta fasteignarinnar kr. 422.309.99. Ekki hvíldu veðskuldir á eigninni. Stefndandi gaf stefnda afsal fyrir íbúðarhúsnæði, útihúsi fasteignarinnar hinn 11. desember 1973, en þar var jafnframt ákveðið, að uppgjör tjónabótanna færi þannig fram, að við útgáfu afsals yrðu greiddar kr. 708.598, en eftirstöðvarnar yrðu greiddar með sömu fjárhæðum 1. janúar, 1. apríl og 1. júlí 1974. Ekki skyldu greiðast vextir af neinum hluta bótanna. Bætur fyrir atvinnuhúsnæðið vildu fyrrsvarsmenn stefnda gera upp á grundvelli

reglnanna frá 24. júlí 1973, þ. e. að stefnandi afsalaði þeim hluta eignarinnar einnig til stefnda gegn veðskuldabréfi til 15 ára, er næmi fjárhæð bóta fyrir þann hluta eignarinnar samkvæmt því, sem áður er rakið, og bæri 9% ársvexti. Stefnandi vildi eigi una uppgjöri bóta fyrir þennan hluta eignarinnar með þessum hætti. Eftir að lögmaður stefnanda hafði krafist stefnda um greiðslu án árangurs, höfðaði stefnandi mál þetta.

Krafa stefnanda er byggð á því, að með reglum þeim, sem stjórn Viðlagasjóðs setti um greiðslur bóta fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og atvinnuhúsnæði hins vegar sé verið að mismuna þeim, sem urðu fyrir tjóni við náttúruhamfarirnar, með ólög- mætum hætti. Reglurnar um bætur fyrir atvinnuhúsnæði geri aðstöðu eigenda þess miklu verri en eigenda íbúðarhúsnæðis. Þessi mismunun eigi sér ekki stoð í lögum um Viðlagasjóð nr. 4/ 1973 eða reglugerð um sjóðinn nr. 62/1973 og sé því markleysa. Er því haldið fram, að samkvæmt ákvæðum laganna um Viðlaga- sjóð skuli allt tjón af völdum náttúruhamfaranna bætt og geri löggin ráð fyrir fullri greiðslu. Þessu sé ekki heimilt að breyta með reglugerð eða reglum, sem stjórn sjóðsins setji. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með þeirri þvingun, sem felist í reglunum um bætur fyrir atvinnuhúsnæði, sé verið að leggja bönd á atvinnufrelsi viðkomandi aðilja, sem brjóti í bága við ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar. Er á það bent, að margvíslegar ástæður geti legið til þess, að menn sjái sér ekki fært að byggja upp að nýju í Vestmannaeyjum þá aðstöðu, sem þeir höfðu, áður en eld- gosið hófst. Þá er því haldið fram, að með reglum þeim, sem stjórn Viðlagasjóðs setti um greiðslur bóta fyrir atvinnuhúsnæði, sé raunverulega verið að mæla fyrir um greiðslu bóta með öðru en löggiltum lögeyri, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands. Er því og haldið fram, að veðskuldabréf þau, sem stefndi hafi boðið fram, séu verðlaus.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að með lögum nr. 4/1973 hafi verið mælt fyrir um stuðning við Vestmannaeyinga vegna búsfjfa þeirra, sem þeir urðu fyrir af völdum náttúruhamfar- anna, sem hófust hinn 23. janúar 1973, og sé það sjónarmið þar ríkjandi, að búsfjarnar verði bornar af allri þjóðinni. Samkvæmt 2. gr. greindra laga sé mælt fyrir um stofnun Viðlagasjóðs, sem ætlað sé, að sjái um framkvæmd þessa máls, og sé hlutverki sjóðs- ins nánar lýst í 3. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. laganna sé stjórn sjóðsins falið að setja nánari reglur um bætur, styrki og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, og birta þær almenningi. Hinn

27. mars 1973 hafi svo verið sett reglugerð um Viðlagasjóð, þar sem sett séu nánari ákvæði um bætur og bótagreiðslur, og eigi ákvæði reglugerðarinnar fulla stoð í lögnum. Í samræmi við þessar heimildir hafi svo stjórn Viðlagasjóðs sett reglur um greiðslu bóta, sem birtar hafi verið í Lögbirtingablaðinu hinn 15. ágúst 1973, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Reglurnar eigi fulla stoð í lögum og reglugerð um Viðlagasjóð og séu settar með stjórnskipulegum hætti og séu því gildar að lögum. Það kemur fram af hálfu stefnda, að með ákvæðum laga um Viðlagasjóð, reglugerð og reglum, sem settar séu á grundvelli þeirra, sé verið að mæla fyrir um stuðning við þá, sem hafa orðið fyrir þúsifjum af völdum náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, en hér sé ekki um að ræða váttryggingu. Er á það bent, að stefnandi hafi sjálfur átt kost á því að kaupa hjá váttryggingarfélagum váttryggingu fyrir tjóni af völdum náttúruhamfaranna, en það hafi hann ekki gert. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að með reglum Viðlagasjóðs um greiðslu bóta fyrir atvinnuhúsnæði sé verið að mismuna mönnum eða leggja bönd á atvinnufrelsi þeirra. Þá er því mótmælt af hálfu stefnda, að stefnandi eigi fjárkröfu á hendur stefnda svo sem um skuld eða skaðabótakröfu sé að ræða. Er því haldið fram, að stefnandi eigi ekki kröfu til að verða eins settur og náttúruhamfarirnar hefðu ekki gerst. Er því haldið fram, að stefnanda hafi verið boðnar bætur, sem ákveðnar hafi verið með löglegum hætti, og ef hann vilji ekki taka við þeim, þá verði svo að vera, en ekki eigi hann frekari kröfur á hendur stefnda. Er því mótmælt, að lög um gjaldmiðil skipti hér máli. Af hálfu stefnda er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárrí.

Með ákvæðum 3. gr. laga nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir er hlutverk Viðlagasjóðs ákveðið, en samkvæmt því er einn þáttur þess að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins. Þótt bótagrundvöllur samkvæmt reglum þeim, sem stjórn sjóðsins setti um bótagreiðslur, sé að mestu leyti sá sami fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, þ. e. brunabótamatsverð samkvæmt reglum Brunabótafélags Íslands, svo sem mælt er fyrir um í reglum Viðlagasjóðs, 2. mgr. 40. gr., þá er ljóst, að mikill munur er á fyrirkomulagi bótagreiðslna. Er ljóst, að staða þeirra eigenda atvinnuhúsnæðis, sem ekki telja sig hafa aðstöðu til að byggja upp atvinnurekstur sinn að nýju í Vestmannaeyjum, verður mikið lakari en staða eigenda íbúðarhúsnæðis, þar sem raungildi bótafjárhæðar, sem bundin er í skuldabréfi til 15 ára, er mikið minna en raungildi bóta fyrir íbúðarhúsnæði, sem greiða skal að

fullu á tiltölulega skömmum tíma. Eigi verður séð, að ákvæði laga nr. 4/1973 veiti heimild til slíkrar mismununar. Þótt það sé einn af þáttunum í hlutverki Viðlagasjóðs að stuðla að endurreisn byggingar og atvinnulífs í Vestmannaeyjum, þá kemur eigi fram, að að því skuli staðið með mismunandi hætti bótagreiðslna, svo sem hér kemur fram. Þykir því skorta lagagrundvöll til að beita í máli þessu reglu þeirri um greiðslu bóta fyrir atvinnuhúsnæði, sem stjórn Viðlagasjóðs setti, þótt hún hafi hlotið samþykki ríkisstjórnarinnar og verið auglýst almenningi. Kröfugerð stefnanda er byggð á því, að reglur þær, sem gilda eiga um greiðslur bóta fyrir íbúðarhúsnæði, eigi einnig að gilda um greiðslur bóta fyrir atvinnuhúsnæði. Þykir rétt með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið, að leggja það sjónarmið til grundvallar við úrlausn málsins, enda þykja lög nr. 4/1973 og reglugerð um Viðlagasjóð ekki geta leitt tilefni til annarrar niðurstöðu. Þykir það eigi skipta máli í því sambandi, þótt stefnandi hafi gefið út afsal fyrir öðrum hlutum fasteignarinnar og tekið við bótagreiðslum fyrir þá. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda hina umstefndu bótafjárhæð. Samkvæmt reglum Viðlagasjóðs og uppgjöri bóta fyrir íbúðarhúsnæði stefnanda voru þær greiddar með fjórum greiðslum, hinn 20. október 1973, 1. janúar, 1. apríl og 1. júlí 1974, en ekki skyldu greiddir vextir af neinum hluta bótanna. Þykir því verða að miða við það, að greiðslum á hinum umstefndu bótum skyldi lokið 1. júlí 1974. Samkvæmt þessu þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 422.309 með vöxtum, sem ákveðast 9% ársvextir frá 1. júlí 1974 til 15. s. m. og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 83.000

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Viðlagasjóður, greiði stefnanda, Oddi Bragasyni, kr. 422.309 með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1974 til 15. s. m. og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 83.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.